

**REGLUR****um almenna skoðun ökutækja.**

## 1. gr.

Ökutæki skráð hér á landi skal færa til almennrar skoðunar samkvæmt því sem segir í reglum þessum, þannig að ganga megi úr skugga um hvort þau séu í lögmæltu ástandi.

## 2. gr.

Eftirtalin ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun, frá og með næsta ári eftir skráningu:

- a. Bifreiðir til annarra nota en fólksflutninga.
- b. Hópbifreiðir.
- c. Leigubifreiðir til mannflutninga.
- d. Bifreiðir, sem ætlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án ökumanns.
- e. Kennslubifreiðir.
- f. Lögreglu-, sjúkra- og björgunarbifreiðir.
- g. Létt bifhjól.
- h. Eftirvagna (tengi- og festivagna), sem eru meira en 1500 kg að leyfðri heildarþyngd.

## 3. gr.

Aðrar bifreiðir en greinir í a-f- lið 2. gr., svo og bifhjól, önnur en létt bifhjól, skal skoða árlega almennri skoðun frá og með þriðja ári eftir að ökutækið var skráð nýtt fyrsta sinni.

## 4. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær ökutæki skuli færð til almennrar skoðunar samkvæmt reglum þessum, og er eiganda (umráðamanni) þá skylt að færa ökutækið til skoðunar.

## 5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur um almenna skoðun ökutækja, nr. 805 29. desember 1983.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. maí 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um dómsmálagjöld o. fl., nr. 585**

**23. desember 1987.**

## 1. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

1. Almennt bifreiðstjórpróf	kr. 900
2. Próf í akstri bifhjóla	900
3. Próf í akstri léttra bifhjóla	500
4. Próf í akstri torfærutækja	500
5. Próf í akstri dráttarvéla	500
6. Ökukennarapróf	3 600